

Ed.

136. Frumvarp

til laga um verzlun með tilbúinn áburð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði frá 1. jan. 1935. Frá þeim tíma er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum til allra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á, þó aldrei yfir 20 krónur á tonn. Ákvæði þetta gildir til ársloka 1937.

3. gr.

Áburðurinn er ekki seldur öðrum en hrepps- og bæjarfélögum, búnaðarfélögum, samvinnufélögum og kaupmönnum. Heimilt er að leggja á áburðinn þann kostnað, sem af verzluninni með hann leiðir, umfram feringjöld þau, sem um ræðir í 2. gr. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sé greiddur við móttöku.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að fela Sambandi ísl. samvinnufélaga, eða öðrum aðila er henta þykir, rekstur áburðarsölu ríkisins, og leggja fram eða ábyrgjast fé, er til þess þarf. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin reglur um rekstur verzlunarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 52 frá 7. maí 1928 og lög nr. 12 frá 6. júlí 1931.